



Ábyrgðartrygging vegna hunda og katta.

Hvað bætir váttryggingin?

Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem einstakling (þ.e. utan atvinnurekstrar) samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum, þar með taldar fasteignir og dýr og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Ef sá sem verður fyrir tjóni er meðvaldur eða meðábyrgur skerðist bótarétturinn í samræmi við það.

Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? - Málsmeðferð

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna gáleysi eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá sem sóttur er til greiðslu bóta á ekki beina sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð með saknæmu gáleysi sínu eða vanrækslu. Almenn óhöpp þar sem engum sérstökum er um að kenna skapa sjaldnast skaðabótaábyrgð.

Samantekt

Ef við tökum saman það sem kemur fram hér að ofan, þá segir skilmáli tryggingarinnar að þau tjón sem hundur eða köttur veldur þriðja aðilar eru eingöngu bótaskyld ef eigandi/umráðamaður/gæslumaður á beina sök á tjónsaturði með vanrækslu sinni eða saknæmu gáleysi.

Sérreglur um lausagöngu hunda og katta



Hafa ber í huga að í flestum þéttbýlum eru reglur um lausagöngu hunda og katta, og ber að virða þær reglur. Í flestum tilfellum er eingöngu tekið á lausagöngu hunda og hún takmörkuð í þéttbýli meðan kettir mega vera frjálsir. Íbúar í þéttbýli þar sem lausaganga katta er leyfð verða að gera ráðstafanir vilji þeir ekki fá ketti inn til sín. Kettir geta valdið tjóni hjá þriðja aðila án þess að eigandi/umráðamaður/gæslumaður kattarins hafi skapað sér beina skaðabótaábyrgð, því samfélagið segir að kettir mega vera frjálsir og því má búast við að kettir gerir t.d. þarfir sínar þar sem þeim hentar.

Það er góð regla að sýna ávallt aðgæslu í umgengni við ókunna ketti og hunda og þá sér í lagi þegar ungir krakkar eiga í hlut.